

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um niðurfellingu bóta almannatrygginga.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa síðastliðin fimm ár orðið fyrir niðurfellingu bóta tímabundið á grundvelli 1. másl. 5. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007? Óskað er svara um fjölda:
 - a. örorkulífeyrisþega,
 - b. ellilífeyrisþega.
2. Hversu margir einstaklingar hafa síðastliðin fimm ár fengið undanþágu frá niðurfellingu bóta á grundvelli 3. másl. 5. mgr. 48. gr. sömu laga? Óskað er svara um fjölda:
 - a. örorkulífeyrisþega,
 - b. ellilífeyrisþega.

Skriflegt svar óskast.